



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Kjalarnes, Saltvík - breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. nóvember 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2023 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja áherslu á bókun íbúaráðsins sem er afar afgerandi um tillögu að breyttu deiliskipulagi Kjalarnes, Saltvík. Bókunin var lögð fram á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 11. maí 2023. Í henni vill íbúaráðið koma á framfæri að ítrekað eru gerðar breytingar á deiliskipulagi án þess að aðalskipulag sé uppfært. Þetta þykir miður. Íbúar eru uggandi yfir þróun skipulagsmála á Kjalarnesi og hafa áhyggjur af deiliskipulagsbreytingum sem varða landbúnað og iðnað á svæðinu. Aðrar athugasemdir snúa að því að gerðar séu deiliskipulagsbreytingar án uppfærslu í aðalskipulagi; að áhyggjur af deiliskipulagsbreytingum er varða landbúnað og iðnað á svæðinu og loks að fornleifar séu ekki skráðar. Fulltrúi Flokks fólksins treystir því að unnið verði vel úr þessum athugasemdum í samstarfi við íbúana.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: